

Þann 18. desember kl. 12:30 fór fram fundur í menntamálaráðuneytinu með fulltrúum menntamálaráðuneytisins og fulltrúum Grindvíkinga. Bæjarstjóri Grindavíkur hafði beðið um fund með menntamálaráðherra í september s.l. en að sögn ráðuneytismana hefur ekki orðið af slíkum fundi vegna anna ráðherra, en ráðuneytið bauð upp á þennan fund í staðinn.

Fyrir hönd ráðuneytisins sátu fundinn Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri, Arnór Guðmundsson, skrifstofustjóri og Sigurður Sigursveinsson, sérfræðingur.

Fyrir hönd Grindavíkur sátu fundinn Jóna Kristín Þorvaldssdóttir, bæjarstjóri, Eyjólfur Bragason, verkefnisstjóri, Garðar Páll Vignisson, bæjarfulltrúi, Guðmundur L. Pálsson, bæjarfulltrúi og Petrína Baldursdóttir, bæjarfulltrúi.

Þetta var rætt:

1. Ráðuneytisstjóri bauð fundarmenn velkomna og gaf bæjarstjóra orðið.
2. Jóna Kristín þakkaði fyrir fundinn og gerði grein fyrir því að þessi fundur væri haldinn í framhaldi af fundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þar sem margoft hefur verið ályktað um stofnun framhaldsskóla í Grindavík og viðræðum fulltrúa bæjarins við ráðherra. Á fundi með ráðherra kom fram ósk hennar að Grindavík léti vinna undirbúning vegna stofnunar framhaldsskóla í bænum. Jóna Kristín sagði að það hefði bæjarstjórn gert og m.a. ráðið verkefnisstjóra til starfa. Bæjarstjóri ræddi hugmyndir um stofnun Fisktækniskóla í bænum og vildi taka það fram að ekki mætti blanda hugmyndum um hann og stofnun framhaldsskóla saman. Þessir sömu hugmyndir færu hins vegar vel mjög vel saman.
3. Verkefnisstjóri tók næst til máls og skýrði frá vinnu sinni og hugmyndum Grindvíkinga um væntanlegan framhaldsskóla og lagði fram samantekt sem hann hefur unnið að.
4. Ráðuneytisstjóri hvað kröfu tímans vera aukna menntun og að hún yrði færð nær fólkinu. Framhaldsskólalögin sem sett voru í vor staðfestu það. Ráðuneytið væri að ræða nýjar leiðir í því sambandi. Eðlilegt væri að Grindavík kallaði eftir lausnum fyrir sitt fólk.
5. Garðar sagði að mikill þungi væri í Grindavík vegna málsins og því til staðfestingar væru þrír kjörnir fulltrúar úr bæjarstjórn í nefndinni. Garðar tók undir með ráðuneytisstjóra og hvað spurninguna ekki vera hvort heldur hvenær framhaldsskóli yrði stofnaður í bænum.
6. Verkefnisstjóri lagði áherslu á að Grindvíkingar vildu vinna að stofnun framhaldsskóla í sátt og samvinnu við menntamálaráðuneytið og ráðherra menntamála. Grindvíkingar vildu stofna einkaskóla og horft væri til þess fjármagns sem fylgdi nemendum frá Grindavík til FS. Grindvíkingar litu á þennan fund sem upphaf að nánari samstarfi.

6. Ráðuneytismenn bentu á erfiða tíma varðandi fjárlög, og sögðust ekki vilja lofa neinu. Þeir vildu taka undir það að stofna nefnd sem fylgdi málinu áfram.
7. Guðmundur Páll og Petrína lýstu ánægju sína með að setja málið í þann farveg, en ítrekuðu mikilvægi þess að skóli yrði settur á legg í Grindavík.
8. Arnór benti á að fyrir væri starfandi nefnd á vegum SSS um framtíð menntamála á Suðurnesjum.
9. Eyjólfur benti á að ekki væri hægt að tala um Reykjanes sem sem eitt svæði. Sértaða Grindavíkur væri of mikil vegna legu sinnar. Heppilegt væri að stofnuð væri sérnefnd vegna menntamála í Grindavík.
10. Ráðuneytisstjóri lagði til að ráðuneytið tilnefndi tvo fulltrúa í nefnd um framhaldsskóla Grindavík. Næsta skref yrði að ráðuneytið hefði samband við bæjarstjóra. Enginn skóli hefði verið stofnaður án slíks formlegs undirbúnings.
11. Bæjarstjóri og bæjarfulltrúar fögnuðu þeirri niðurstöðu og kváðust vænta mikils af vinnu væntanlegrar nefndar. Að lokum þakkaði bæjarstjóri fyrir fundinn.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið 13:17.